



Alþingi
Erindi nr. P 140/2608
komudagur 20.5.2012

20. maí 2012
SI-84041

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Sendandi: Seðlabanki Íslands

Efni: Svör við athugasemdum Kaupþings hf. og Lúðvíks Júlíussonar um frumvarp til breytinga á lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, sbr. þskj. 1169, 731. mál.

Vísað er til fundar fulltrúa Seðlabanka Íslands með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þann 14. maí sl. vegna frumvarps til breytinga á lögum um gjaldeyrismál, sbr. þskj. 1169, 731 (hér eftir *frumvarpið*). Á fundinum var óskað eftir minnisblaði frá fulltrúum Seðlabanka Íslands vegna tiltekinna atriða, er m.a. lúta að athugasemdum Kaupþings hf. sem og athugasemdum Lúðvíks Júlíussonar við framangreint frumvarp. Með vísan til þess vill Seðlabanki Íslands taka eftirfarandi fram:

Seðlabankinn vill leggja áherslu á að nú stendur yfir vinna í bankanum við gerð reglna, sbr. b-liður 3. gr. laga nr. 17/2012, um breytingu á lögum um gjaldeyrismál, með síðari breytingum. Standa vonir til þess að gerð þeirra reglna verði lokið innan skamms. Forsendur fyrir setningu slíkra reglna er að bankanum hafi borist viðhlítandi upplýsingar frá föllnu bönkunum.

Varðandi skilgreiningu á sammingsbundnum afborgunum, sbr. c-liður 8. gr. frumvarpsins, vill Seðlabankinn áréttta að þar er eingöngu um að ræða lögfestingu á þeirri túlkun sem viðhöfð hefur verið í framkvæmd gjaldeyrishafta og tekur mið af skilgreiningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (e. *moderate amount for amortization of loans*). Nær hugtakið fyrst og fremst til þess að verið sé að viðhalda eðlilegu og almennu samningssambandi milli aðila. Greiðslur vegna gjaldfellingar og greiðslur í tengslum við gjaldþrotaskipti falla ekki undir framangreint hugtak, enda verður ekki séð að slíkar greiðslur rúmist innan hugtaksins sammingsbundin afborgun. Eins og fram kemur í athugasemdum við ákvæði 8. gr. frumvarpsins, er breytingartillögunni ætlað að taka af öll tvímæli um þetta. Þannig falla afborganir samkvæmt fyrirhuguðum nauðasamningi Kaupþings hf. ekki undir hugtakið sammingsbundin afborgun samkvæmt núgildandi lögum um gjaldeyrismál og núgildandi breytingartillaga breytir engu þar um. Þá kann að vera að fyrirhuguð skuldabréfaútgáfa Kaupþings hf. fari gegn

öðrum takmörkunum laga um gjaldeyrismál nr. 87/1992. Seðlabanka Íslands hefur ekki verið afhent afrit af fyrirhuguðum nauðasamningi Kaupþings hf. og liggja því ekki fyrir nægjanlegar upplýsingar til þess að bankinn geti tekið afstöðu til þeirra atriða að svo stöddu.

Kaupþing hf. er ávallt heimilt að sækja um undanþágu frá ákvæðum laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, sbr. 13. gr. o., sbr. 7. gr. laga um gjaldeyrismál, vegna framangreinds. Við mat á slíkri beiðni um undanþágu frá lögnum kemur til skoðunar hver áhrif takmarkana á fjármagnshreyfingum eru fyrir umsækjanda, hver markmiðin að baki takmörkunum eru og þau áhrif sem undanþágan kann að hafa á stöðugleika í gengis- og peningamálum, sbr. 2. mgr. 7. gr. laganna.

Þá er rétt að benda á að í framangreindum reglum, sem Seðlabanki Íslands mun setja á grundvelli 3. gr. laga nr. 17/2012 verður kveðið á um hvernig undanþágur frá banni 2. mgr. 13. gr. laga um gjaldeyrismál vegna reiðufjár í erlendum gjaldeyri sem m.a. Kaupþingi hf. fellur til eftir 12. mars 2012, verða veittar. Áréttað er að markmiðið með framangreindu er ekki að koma í veg fyrir að Kaupþing hf. geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart erlendum kröfuhöfum heldur eingöngu að tryggja að fjármagnshreyfingar í tengslum við þær efndir valdi ekki verulegum og alvarlegum óstöðugleika í gengis- og peningamálum, enda ber Seðlabankanum lögum samkvæmt að tryggja þann stöðugleika.

Seðlabankinn vill taka fram að markmiðið með síðari málsgrein c-liðar 8. gr. frumvarpsins er fyrst og fremst að tryggja að bankinn hafi fullnægjandi yfirsýn yfir þær greiðslur sem fara úr landinu á þeim grundvelli og að ganga úr skugga um að ekki sé verið að fara á svig við þær heimildir sem ákvæðið mælir fyrir um. Er það mat Seðlabankans að slíkt sé nauðsynlegt þar sem tilkynningum vegna slíkra fjármagnshreyfinga hefur verið verulega ábótavant, þrátt fyrir tilmæli Seðlabankans þar að lútandi. Ekki verður séð að það fyrirkomulag muni hafa áhrif á að Kaupþing hf. muni geta staðið við skuldbindingar sínar gagnvart kröfuhöfum enda eingöngu um að ræða eftirlitslegt atriði. Mun Seðlabankinn setja reglur um framkvæmd ákvæðisins og stendur sú vinna nú yfir í bankanum.

Vegna athugasemda Lúðvíks Júlíussonar við frumvarpið vill Seðlabankinn taka fram að í frumvarpinu er að hluta til komið til móts við þær enda er þar lagt til, sbr. 4. gr. þess, að frestur til endurfjárfestingar verði lengdur úr tveimur vikum í sex mánuði. Þannig geta aðilar, sem fá lágar vaxta- og arðstekjur af erlendum eignum sínum, safnað þeim upp á sex mánaða tímabili eftir að þær falla

til og síðan endurfjárfest þeim. Fjöldi þeirra undanþágubeiðna sem Seðlabankanum hefur borist um heimild til endurfjárfestingar umfram þann frest sem kveðið er á um í breytingartillögunni eru hverfandi og er það því mat Seðlabankans að ekki sé þörf á því að vikka ákvæðið frekar út en lagt er til í frumvarpinu.

Faint, illegible text, possibly bleed-through from the reverse side of the page.



Fskj. með mínusbl.
Seðlabanka Ísl. dags. 20.5.2012

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1647
komudagur 18.4.2006



Persónuvernd

Rauðarársúg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. apríl 2006
Tilvísun: 2006030142 ÞS/-

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit

Persónuvernd vísar til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 8. mars 2006, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit. Er í frumvarpinu m.a. kveðið á um ýmis eftirlitsúræði til handa Fjármálaeftirlitinu svo að það geti framfylgt þeim lögum sem um fjármálastarfsemi gilda, s.s. lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, lögum nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti, lögum nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulagslegra tilboðsmarkaða, lögum nr. 60/1994 um váttryggingarstarfsemi og lögum nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Verði frumvarpið að lögum mun það hafa í för með sér vinnslu persónuupplýsinga, s.s. um einstaklinga, sem láta verða Fjármálaeftirlitinu í té gögn sem það telur nauðsynleg við mat á rekstri þeirra, en að undangengnum dómsúrskurði samkvæmt lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála afhendi þeir þau ekki sjálfviljugir, sbr. 3. gr. frumvarpsins um breytingar á 9. gr. laga nr. 87/1998.

Fram kemur í 7. gr. frumvarpsins um breytingar á 13. gr. framangreindra laga að upplýsingar, sem háðar eru þagnarskyldu samkvæmt sérlögum eða öðrum lögum, verða háðar sambærilegri þagnarskyldu þegar þær hafa verið afhentar Fjármálaeftirlitinu. Þá kemur fram í sömu grein að eigi að veita upplýsingar um einstök mál, sem Fjármálaeftirlitið hefur til úrlausnar og þar sem framangreind þagnarskylda á við, skuli þær veittar í samandregnu formi þannig að einstakir aðilar séu ekki auðkenndir.

Eftir að hafa farið yfir frumvarpið telur Persónuvernd, m.a. í ljósi framangreindra ákvæða um þörf á dómsúrskurði og um þagnarskyldu, ekki ástæðu til athugasemda við efni þess.

Að lokum er beðist velvirðingar á þeim drætti sem orðið hefur á að veita þessa umsögn.

Virðingarfyllt
f.h. forstjóra Persónuverndar

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Þ. Sveinsson'.

Þórður Sveinsson
lögfræðingur

